

Nd.

### 726. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903.

Frumvarp þetta, sem hin háttvirta deild hefir vísað til nefndarinnar í sambandsmálinu, hefir oss því miður ekki unnist tími til að athuga til þrautar, enda teljum vér og, að eigi sé hægt að ganga frá stjórnarskrá landsins til hlítar á meðan óséð er, hver niðurstaða verður og afdrif sambandslaganna frá þessu þingi. Sér enn óglögt fyrir endann á því, hvenær þeim muni geta orðið ráðið til lykta. En hins vegar teljum vér, að æskilegt væri að geta þó sem fyrst fengið breytingar á ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem ekki eru að neinu leyti háðar sambandsmálinu, heldur snerta fyrirkomulag hér innanlands, sem og er farið fram á í ýmsum greinum frumvarps þess, er stjórnin nú hefir lagt fyrir þingið. Það, sem vér einkum teljum æskilegt, að gerð mætti verða breyting á, er meðal annars, að heimila mætti að fjölga yrði ráðgjöfum, svo sem frumvarpið mælir fyrir um, og um leið gerð sú breyting á fyrirkomulagi landsstjórnarinnar, sem af því mætti leiða. Ennfremur teljum vér æskilegt, að konungskosning þingmanna yrði

tekin úr lögum, eins og frumvarpið einnig gerir ráð fyrir. Einnig álitum vér heppilegt, að veita konum kosningarrétt og kjörgengi til alþingis. Sömuleiðis, að gera mætti aðskilnað ríkis og kirkju með lögum. Til greina gæti og komið, hvort ekki mætti virðast ástæða til að rýmka almennan kosningarrétt. Og svo gæti verið um sitt hvað fleira.

Um tillögu þá til þingsályktunar um afnám eftirlauna (þingskj. 52), sem vísað var til nefndar þessarar, höfum vér ekki tekið nein ákvæði, en könnumst þó við, að málefnið sé hins vegar í alla staði þess vert, að það bæði væri af stjórn og þingi tekið til gaumgæfilegrar athugunar.

Með skýrskotan til þess, sem að framan er sagt, höfum vér eigi séð oss fært að koma með ákveðnar breytingartillögur í einstökum atriðum við frumvarp það, er hér liggur fyrir. En sökum þess, að vér teljum æskilegt, að breytingar gæti sem fyrst komist á um það, er nú höfum vér að framan talið, hefir oss sýnst tiltækilegast, eins og nú stendur, að þingdeildin skoraði á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til stjórnarskipunarlaga meðal annars um þær breytingar á stjórnarskránni, sem nú höfum vér bent til. Vér viljum því leyfa oss að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja svo látandi

#### Tillögu til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sérstaklegu mál-efni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903, er meðal annars hnígi að því,

- að heimilt sé að fjölga ráðgjöfum,*
- að afnema konungskosning á þingmönnum,*
- að veita konum kosningarrétt og kjörgengi til alþingis,*
- að rýmka kosningarrétt að öðru leyti, og*
- að skilja megi ríki og kirkju að með lögum.*

Alþingi 4. Maí 1909.

Skúli Thoroddsen, formaður og framsögumaður.	Jón Þorkelsson, skrifari.	Benedikt Sveinsson.
Jóh. Jóhannesson.	Jón Magnússon.	Jón Ólafsson.
Ólafur Briem.	Sigurður Gunnarsson.	

Auk þess, sem hér er skráð, vil eg hafa það til skilið, að kosningarréttur og kjörgengi verði engum skilyrðum háður öðrum en lögaldri og andlegri heilbrigði og að eftirlaun embættismanna verði afnumin.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu.